

Fundargerð starfsþróunarnefndar Sambands íslenskra sveitarfélaga og þeirra stéttarfélaga innan BSRB og ASÍ sem samið hafa um starfsmat í kjarasamningum

Fundur starfsþróunarnefndar haldinn 31. janúar 2019 að Borgartúni 30, Reykjavík kl. 9:30.

Mætt voru: Frá BSRB, Arna Jakobína Björnsdóttir og Karl Þórsson. Frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga Berglind Eva Ólafsdóttir og Margrét Sigurðardóttir sem ritaði fundargerð.

Fulltrúi ASÍ, Árni Steinar Stefánsson, boðaði forföll.

Eftirfarandi mál voru tekin fyrir:

1. Mat á námi starfsmanns í mötuneyti

Lögð fram beiðni um mat á námi úr tveimur námsleiðum. Starfsheiti er aðstoðarmatráður.

Niðurstaða starfsþróunarnefndar er að starfsmaður á rétt á 2% persónuálagi samkvæmt gr. 10.2.1. fyrir nám í matsveinanámi frá MK.

2. Mat á námi starfsmanns í íþróttahúsi

Lögð fram beiðni um mat á námskeiði frá Starfsmennt. Starfsheiti er starfsmaður í íþróttahúsi úr Handverks- og hússtjórnarskóla. Starfsheiti er starfsmaður íþróttamannvirkis.

Niðurstaða starfsþróunarnefndar er að starfsmaður á rétt á 2% persónuálagi samkvæmt gr. 10.2.1. fyrir námskeiðið.

3. Mat á námi starfsmanns í leikskóla

Lögð fram beiðni um mat á námsbraut fyrir leiðbeinendur í leikskólum. Starfsheiti er starfsmaður í leikskóla og deildarstjóri í leikskóla.

Niðurstaða starfsþróunarnefndar er að starfsmaður á að raðast sem leikskólaliði í 50% starfshlutfall í stað starfsmanns í leikskóla.

4. Mat á námi list- og handverksleiðbeinanda

Lögð fram beiðni um mat á námi frá Myndlistaskólanum á Akureyri. Starfsheiti er list- og handverksleiðbeinandi.

Niðurstaða starfsþróunarnefndar er að starfsmaður á rétt á 2% persónuálagi samkvæmt gr. 10.2.1. fyrir námskeiðið.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 10.30

Næsti fundur verður haldinn 11. febrúar 2019 kl. 9:30